

Framboð til stjórnar BHM



Íris Davíðsdóttir, 39 ára

Aðildarfélag: Félag háskólakennara

Menntun: BA gráða í stjórn málafræði og MPA gráða í opinberri stjórnsýslu

Starfsferill:

2018- núverandi: Rekstrarstjóri Eðlisvísindastofnunar (Raunvísindastofnunar háskólans)

2012-2018: Verkefnastjóri fjármála hjá Verkfræði-og náttúruvísindasviði HÍ

2007-2012: Verkefnastjóri alþjóðamála hjá Sjúkratryggingum Íslands

Ég starfa sem rekstrarstjóri hjá Raunvísindastofnun háskólans og er því í Félagi háskólakennara en félagið er fjórða stærsta félagið innan BHM. Ég hef verið trúnaðarmaður frá árinu 2012 og hef setið í stjórn FH frá 2016 sem ritari stjórnar. Ég hef setið marga aðalfundi BHM fyrir hönd míns félags. Ég er einnig formaður Starfsþróunarsjóðs Félags Háskólakennara.

Ég tók þátt í samráðshópi um málefni ungs fólks fyrir hönd BHM árið 2013 en hópurinn skilaði af sér tillögum í fjölbreyttum málaflokkum sem snerta ungt fólk.

Ég tek þátt í vinnuhópi innan BHM sem vinnur að tillögu að nýrri stefnu BHM sem væntanlega verður tekið fyrir á stefnumótunarþingi í nóvember. Sú vinna hefur verið mjög gefandi og ýtt undir áhuga minn á því að taka frekari þátt í að móta starf BHM til framtíðar á þann hátt að það sé vel í stakk búið undir áskoranir framtíðarinnar sem m.a. eru breytt vinnuumhverfi vegna fjórðu iðnbyltingarinnar og þess krefjandi umhverfis sem stéttafélög samtímans standa frammi fyrir.

Ég býð mig fram í stjórn BHM því ég hef áhuga á að gera veg bandalagsins sem mestan og vil að BHM sé ávallt gildandi aðili í þjóðfélagsumræðunni og standi vörð um gildi menntunar sem einnar af undirstöðu velferðarsamfélagsins.